

Svar

félags- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn frá Önnu Kolbrúnu Árnadóttur um íslenskukennslu fyrir útlendinga.

1. *Hversu margar símenntunarmiðstöðvar, greint eftir landsvæðum, sinna virkri íslenskukennslu fyrir útlendinga og hvað heita þær?*

Almennt eru tíu viðurkenndir fræðsluaðilar, sem m.a. sinna íslenskukennslu fyrir útlendinga, taldir til símenntunarmiðstöðva, sjá nánar í eftirfarandi töflu, greint eftir landsvæðum.

Símenntunarmiðstöð	Landsvæði
Austurbrú	Austurland
Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra	Norðurland vestra
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	Vestfirðir
Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi	Suðurland
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	Suðurnes
Mímir símenntun	Höfuðborgarsvæði
Símenntun á Vesturlandi	Vesturland
SÍMEY – Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	Norðurland eystra
Viska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja	Vestmannaeyjar
Þekkingarnet Þingeyinga	Norðurland eystra

2. *Hversu margir útlendingar, greint eftir landsvæðum, sækja íslenskukennslu sem í boði er hjá símenntunarmiðstöðvum?*

Í eftirfarandi töflu má sjá fjölda erlendra ríkisborgara sem skráðu sig á íslenskunámskeið hjá símenntunarmiðstöðvum á árinu 2021 og á fyrri helmingi árs 2022, greint eftir landsvæðum.

Símenntunarmiðstöð	Landsvæði	Fjöldi
Austurbrú	Austurland	192
Farskólinn – miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra	Norðurland vestra	72
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	Vestfirðir	188
Fræðslunetið – símenntun á Suðurlandi	Suðurland	318
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	Suðurnes	448
Mímir símenntun	Höfuðborgarsvæði	1.641
Símenntun á Vesturlandi	Vesturland	106
SÍMEY – Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	Norðurland eystra	244
Viska, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja	Vestmannaeyjar	21
Þekkingarnet Þingeyinga	Norðurland eystra	145
Samtals		3.375

3. *Hvaða menntun hafa þeir kennarar sem sinna íslenskukennslu fyrir útlendinga hjá símenntunarmiðstöðvum, greint eftir landsvæðum?*

Ráðuneytið hefur ekki upplýsingar um menntun þeirra sem sinna íslenskukennslu fyrir útlendinga hjá símenntunarmiðstöðvum en þó liggur fyrir að ekki er kveðið á um menntunarkröfur til þeirra í lögum um framhaldsfræðslu, nr. 27/2010.